

29.10.2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar, dags. 14. október 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (159. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara, m.a. er lagt til að umboðsmanni skuldara verði veitt heimild til að leggja á dagsektir sé upplýsingabeidni hans ekki svarað.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en bendir þó á að setja mætti fram, með skýrari hætti, að hverjum ákvæði um dagsektir beinist, þ.e. hvort um sé að ræða lögaðila eða einnig einstaklinga.

Þá er beðist velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á að svara umsagnarbeiðninni en hún er tilkomin vegna mikilla anna hjá Persónuvernd.

Með góðri kveðju,

Vigdís Eva Líndal  
lögfræðingur